

**6. fundur Skólaráðs – 26.4. 2024.**

Mættir: Sigrún Jóna Eydal, Ester Petra Gunnarsdóttir, fulltrúar foreldra, Brynja Einarsdóttir tilkynnti forföll, Nína Sólveig Svavarsdóttir og Tómas Heiðar Helgason, fulltrúar nemanda voru ekki á fundinum, Sólveig Baldursdóttir og Þórhildur Halla Jónsdóttir var veik, fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólalastjóri.

**Dagskrá:**

1. Heimasíða Víðistaðaskóla
2. Símalaus apríl
3. Úrvinnsla lýðræðisþings
4. Undirbúningur næsta skólaárs
5. Önnur mál

**1. Heimasíða Víðistaðaskóla.** Heimasíðan er í vinnslu hjá fulltrúum tölvudeildar og gengur freka hægt en við erum búin að skila öllu efni gerðum það fyrir áramót.

**2. Símalaus apríl.** Gengið hefur vel að fylgja skipulaginu sem unnið var. Ákveðið er að halda áfram næsta vetur með skipulag í frímínútum. Rætt um bólið sem verður í kennslustofu á unglingagangi næsta vetur.

**3. Úrvinnsla lýðræðisþings.** Úrvinnslan er enn í gangi á mánaðarlegum fundum þar sem unnið er að verkefnum með nemendum. Við erum búin með yngsta stig og unglingastig eftir einn fund með miðstigi. Tekin nokkur dæmi um efni sem var til umræðu eins og skólalóðin, rólur og fleira.

**4. Hugað að undirbúningi fyrir næsta skólaár.** Full mannað og skipulagning komin.

**5. Önnur mál.**

Rætt um bakteríur og efni í náttúrufræði.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.8:40

Næsti fundur verður í júní 2024

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir